

/ LEIÐARFLUGSGJALD Í INNANLANDSSVÆÐI

Gildir frá 1. janúar 2018



1. INNGANGUR

Í skjali þessu eru gefnar upplýsingar um gjald það sem lagt er á vegna leiðarflugspjónustu í innanlandssvæði. Isavia veitir leiðarflugspjónustu í innanlandssvæði sem þjónustar innanlandsflug og flug til og frá Íslandi. Greiðslusvæði þjónustunnar fyrir flug til og frá Íslandi afmarkast við svæðið sem er milli 220 og 20 km fjarlægðar til/frá brottfarar-/komuflugvelli. Stærstur hluti kostnaðar við þjónustuna er sameiginlegur með leiðarflugspjónustu í alþjóðasvæði, og kostnaði skipt milli svæðanna sbr. ákvæði í viðauka III í samningnum “Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Iceland” (ICAO Doc. 9586-JS/682), en einnig er kostnaður við leiðarflugsvita sem eingöngu eru í þágu leiðarflugs í innanlandssvæði. Kostnaður við þjónustuna er að fullu greiddur af notendum þjónustunnar í gegnum leiðarflugsgjald í innanlandssvæði.

Gjaldtakan byggir á Loftferðalögum og aðferðarfræði sem er svipuð reglugerð Evrópusambandsins 391/2013 er varðar sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu. Reglugerðin gildir ekki á Íslandi.

Við ákvörðun gjaldsins er notast við umferðarspár fyrir Keflavíkurlugvöll og aðra áætlunarflugvelli á Íslandi.

2. REIKNIREGLA

Leiðarflugsgjaldið er innheimt fyrir hvert flug í íslensku innanlandssvæði.

Gjaldið er reiknað samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

Einingaverð x Vegalengd x Þyngdarstuðull
--

Einingaverð: 1680 ISK

Vegalengd: Vegalengd í innanlandssvæði, þó ekki í aðflugi. Deilt er með 100 í þann fjölda kílómetra sem flogið er í stórbaugsboganum milli inn- og útflugspunkta gjaldtökusvæðisins, samkvæmt nýjustu, þekktu flugáætluninni eins og hún var skráð hjá viðkomandi loftfari að því er varðar flæði flugumferðar. Vegalengdin sem hafa skal til hliðsjónar er minnkuð um 20 kílómetra fyrir hvert flugtak frá flugvelli á Íslandi og fyrir hvert flugtak frá flugvelli á Íslandi.

Þyngdarstuðull: Þyngdarstuðullinn er fundinn með því að deila hámarksflugtakspýngd í tonnum (MTOW) með fimmtíu og taka svo kvaðratrót af þeirri tölu. Ef loftfar hefur breytilega hámarksflugtakspýngd eða fleiri en eina skráða hámarksflugtakspýngd er notast við hæstu skráða hámarksflugtakspýngd.

$$\sqrt{\left(\frac{MTOWtn}{50}\right)}$$

3. UNÐANÞÁGUR

Eftirfarandi undanþágur frá leiðarflugsgjaldi í innanlandssvæði eru veittar:

- > Flug loftfara þar sem leyfileg hámarksflugtakþyngd er undir tveimur tonnum.
- > Flug sem eingöngu er í þeim tilgangi að flytja ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamenn þeirra, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra ríkisstjórnar í opinberri sendiför og í öllum tilvikum verður undanþágan að vera rökstudd með viðeigandi stöðuvísi eða athugasemd í flugáætlun.
- > Leitar- og björgunarflug sem eru heimiluð af þar til bærum aðila.
- > Herflug frá öllum ríkjum.
- > Æfingaflug sem eingöngu er í þeim tilgangi að öðlast skírteini, eða áritun ef um er að ræða flugliða í stjórnklefa, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni og fer eingöngu fram innan loftrýmis Íslands og má það hvorki vera til farþega- og/eða farmflutninga og ekki heldur til að staðsetja eða ferja loftfarið.

4. INNHEIMTA

Reikningar vegna leiðarflugsgjalds í innanlandssvæði eru útgefnir af Isavia ohf. Frekari upplýsingar um reikninga er hægt að fá í netfanginu innheimta@isavia.is.

5. FREKARI UPPLÝSINGAR

Gjaldið var fyrst lagt á árið 2010 og er endurskoðað reglulega.

Isavia er ekki ábyrgt fyrir innsláttarvillum eða öðrum villum í skjali þessu.

Viðskiptaskilmála Isavia ohf. er að finna á heimasíðu fyrirtækisins; www.isavia.is.